

59. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

60. gr.

Hreppsnefnd ræður fasta starfsmenn sveitarfélagsins og veitir þeim laun frá störfum.

61. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

62. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Línadal.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 160/1990 um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla.

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Ríkisstollstjóri getur ákveðið að leyfi til tímabundins tollfrjáls innflutnings bifreiða og bifhjóla sé veitt með öðrum hætti en um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 5. júní 1991.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 371 25. október 1976.

1. gr.

9. grein orðist svo:

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 7. maí ár hvert og síðan fjórða virkan dag hvers mánaðar, í janúar þó 7. dag þess mánaðar. Ekki skal þó dregið á laugardögum, almennum frídögum, helgidögum eða virkum degi eftir helgidag eða almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir. Happdrættisráð getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar ef því þykir ástæða til.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16, 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. júní 1991.

F. h. r.

Jón Thors.

Anna Th. Gunnarsdóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í júnímánuði 1991 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 18% tekjutryggingarauka í júlí 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. maí 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.